



# Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.  
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - [www.torah.is](http://www.torah.is)  
Birt með leyfi höfundar - [www.m7000.com](http://www.m7000.com)

## 16. þáttur af 18

### Skjámynd:

**Galatabréfið 5.2** Takið eftir því, sem ég, Páll, segi yður: **Ef þér látið umskerast**, þá gagnar Kristur yður ekkert.

**Post. 15.1** Þá komu menn sunnan frá Júdeu og *kenndu* bræðrunum svo: "Eigi getið þér hólpnir orðið, nema þér látið umskerast að sið Móse."

**Post. 15.5** Þá risu upp nokkrir úr flokki farísea, er trú höfðu tekið, og sögðu: "Þá ber að umskera og bjóða þeim að halda lögmal Móse."

# Minhag Israel Torah He

## Hefðir í Ísrael eru lög (Torah)

Chidushei Ramban, Pesachim 7b.  
Mishnah Berurah 125:8

### Skjámynd:

*Shabbat 133a, 135a, 137a-*  
Halachic hefðir varðandi umskurn:

- Hatafat Dam Brit (blóðgun)
- Peri'ah (kórónan dregin aftur)
- Metzitzah (sárið sogið)



### Hatafat Dam Brit

...trúskiptingur sem [þegar] hefur verið umskorinn þegar hann snerist til trúar: Þar heldur Beth Shammai: Það verður að láta blæða nokkra sáttmálsblóðropa úr honum.

*b.Talmud, Shabbat 135a*

**Efesusbr. 2.11** Þér skuluð því minnst þessa: Þér voruð forðum fæddir heiðingjar (í holdi) og kallaðir óumskornir af mönnum, sem kalla sig umskorna og eru umskornir á holdi með höndum manna.

### Peri'ah

Ef einhver umsker en afhjúpar ekki umskurnina er eins og hann hafi ekki umskorið.

*b.Talmud, Shabbat 137a*

## Skjámynd:

hlýðið prestlegum og rabbínskum ákvæðum

**Galatabréfið 5.4** Þið sem eruð í lögmálinu

og leitið réttlætningar (af því), hafið orðið viðskila við Messías

(og því) hafið þið **fallið frá náðinni**.



Orðskv. 4.1-9 (stytt) Heyrið, synir, áminning föður yðar og hlýðið til, svo að þér lærið hyggindi! Því að góðan lærdóm gef ég yður, hafnið eigi kenning minni! "Hjarta þitt haldi fast orðum mínum, varðveit þú boðorð mín, og muntu lifa! Afla þér visku, afla þér hygginda! ...Hún mun setja yndislegan sveig á höfuð þér, sæma þig prýðilegri kórónu."

## Skjámynd:

### Samantekt kaflans:

Lögmál Móse er kallað frelsi en ALDREI vísað til þess sem ánaúðaroks.

Það er tvenns konar umskurn sem rætt er um í Nýja testamentinu: Umskurn rabbínska lögmálsins og umskurn biblíulega lögmálsins.

Að falla frá náðinni er að víkja frá ritningarlegu rituðu Mósélögmáli.

## Galatabréfið - útskýringar með 6. kafla

## Skjámynd:

### Helstu atriði:

Ábyrgð okkar í Torah er að leiðrétta hvert annað í anda mildi, samkvæmt Torah lögmálinu í 3. Mós. 19.17-18.

Hinir Torah trúföstu í Yeshua eru kallaðir „Ísrael Elóhíms“ og „bræður.“

## Skjámynd:

**Galatabréfið 6.1-2** Bræður! Ef einhver misgjörð kann að henda mann, þá leiðréttið þér, sem andlegir eruð, þann mann **með anda mildi**. Og haf gát á sjálfum þér, að þú freistist ekki líka. Berið hver annars byrðar og fyllist leiðbeiningum (lögmáli eða Torah) Messíasar.

Esekiel 36.27 Og ég mun leggja yður anda minn í brjóst og koma því til vegar, að þér hlýðið boðorðum mínum og varðveitið setninga mína og breytið eftir þeim.

Jóh. 16.13 En þegar hann kemur, andi sannleikans, mun hann leiða yður í allan sannleikann...

3. Mós. 19.17-18 Þú skalt ekki hata bróður þinn í hjarta þínu. Einarðlega skalt þú ávíta náunga þinn, að þú eigi bakir þér synd hans vegna. Eigi skalt þú hefnisamur vera né langrækin við samlanda þína, en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er YHWH.

Matt. 18.21-22;35 Þá gekk Pétur til hans (Yeshua) og spurði: "Herra, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum, ef hann misgjörir við mig? Svo sem sjö sinnum?" Yeshua svaraði: "Ekki segi ég þér sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö..." (síðan sagði hann söguna af illa þjóninum til að koma með niðurstöðu sína) ...Þannig mun og faðir minn himneskur gjöra við yður, nema hver og einn yðar fyrirgefi af hjarta bróður sínum."

## Leiðbeiningar Messíasar: Elskið hvert annað

### Skjámynd:

Galatabréfið 6.16-18 Og yfir öllum þeim, sem þessari leið fylgja, sé friður og miskunn, og yfir Ísrael Elóhíms. Enginn mæðir mig héðan í frá, því að ég ber merki Meistara okkar Yeshua Messíasar í líkama mínum. Náðin Meistara vors Yeshua Messíasar sé með yðar anda, bræður. Amen.

„Efraímheiðingjar“

## Framhald í næsta þætti...

[Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 \(14. 15. og 16. júní\)](#)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á [torah@internet.is](mailto:torah@internet.is)